

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Laxár í Leirársveit

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon dómstjóri

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Ár 2015, þriðjudaginn 29. september, kom matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman að Laugavegi 3 í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon dómstjóri og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 2. maí 2013, fór Veiðifélag Laxár í Leirársveit fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins frá 28. júlí 1998 samkvæmt VII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Var beiðnin sett fram eftir að tillaga kom fram þess efnis á aðalfundi félagsins 28. apríl 2012. Í framhaldi þessa, og í samræmi við 6. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn laugardaginn 26. október 2013 í veiðihúsi veiðifélagsins við Laxá. Var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins sem til úrlausnar var, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit.

Nokkur umræða var á fundinum um hvaða þættir eru lagðir til grundvallar við arðskrárgerð og spurðu nokkrir fundarmanna um einstök atriði og komu sjónarmiðum sínum á framfæri.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn, en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum flest þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni verður vikið að því hvaða gögn lágu fyrir við matið.

3. Vettvangsganga o.fl.

Vettvangsganga var farin um vatnasvæði veiðifélagsins 12. júní 2014. Formaður veiðifélagsins fór með matsmönnum um vatnasvæðið og þeir veiðiréttareigendur sem eftir því höfðu óskað hittu matsnefnd á vettvangi og lýstu sínum sjónarmiðum.

Efsti hluti vatnasvæðisins nær yfir fiskgenga hluta Draghálsár í Svínadal og allt niður að útfalli úr Eyrarvatni. Auk Eyrarvatns eru á þessum kafla tvö önnur vötn, Glammastaðavatn (Þórisstaðavatn) og Geitabergsvatn. Draghálsá fellur í Geitabergsvatn og úr því fellur Þverá stuttan spöl í Glammastaðavatn. Selós heitir áin milli Glammastaðavatns og Eyrarvatns. Miðsvæðið nær frá upptökum Laxár í Eyrarvatni og að mörkum hennar og ósasvæðis í Grunnafirði, sem er neðsta svæðið, en það svæði nær niður að markaðri óslínu Laxár í sjó.

Lax er ríkjandi tegund á vatnasvæði veiðifélagsins en einnig er nokkuð um sjóbleikju og sjóbirting og staðbundnir silungastofnar eru í vötnunum þremur. Lax veiðist aðallega í Laxá en auk þess gengur hann upp í vötnin og veiðist þar ásamt því að veiðast í Þverá, Selósi og Draghálsá.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Laxár í Leirársveit. Félagið starfar samkvæmt samþykkt nr. 454/2001, sem staðfest var af landbúnaðarráðuneytinu 5. mars 2001 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann sama dag. Stjórn veiðifélagsins hefur lagt fyrir matsnefnd samþykkt fyrir félagið sem samþykkt var á félagsfundi hinn 4. maí 2013. Sú samþykkt hefur hins vegar hvorki verið staðfest af Fiskistofu né birt í Stjórnartíðindum.

Í 2. gr. samþykktarinnar kemur fram að félagssvæði félagsins sé ósasvæði Laxár og fiskihverfi Laxár frá ósasvæði að ólaxgengum fossi í Draghálsá.

Samkvæmt 3. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Þá er félaginu heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Samkvæmt 5. gr. hefur stjórn félagsins á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Óheimilt er að veiða á félagssvæðinu nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slíkt leyfi. Í ákvæðin er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur eftirtalinna jarða: Vestra-Súlunes, Eystra-Súlunes, Bakki, Skorholt, Akurey, Skipanes, Lækur, Beitistaðir, Vogatunga, Leirá, Melkot, Steinsholt, Tunga, Hóll, Hlíðarfótur, Eyri, Kambshóll, Glammastaðir, Dragháls, Geitaberg, Þórisstaðir, Saurbær, Svarfhóll, Hurðarbak, Vestra-Miðfell, Hlíð, Stóri-Lambhagi I, Stóri-Lambhagi II, Stóri-Lambhagi III, Lambhagi, Litli-Lambhagi, Fellsaxlarkot, Litla-Fellsöxl, Kjalardalur, Arkarlækur, Bekansstaðir, Hvítanes I, Hvítanes II og Vallarnes. Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábuendur viðkomandi jarða.

6. Rekstur veiðivatna

Með leigusamningi, dags. 22. nóvember 2014, leigði veiðifélagið út allan stangveiðirétt á svæðinu frá ósasvæði Laxár (þó ekki ósasvæðið sjálft í Grunnafirði) að Eyrarvatnsósi árin 2015, 2016 og 2017. Árlegt endurgjald er 33.600.000 krónur fyrir árið 2015, 35.200.000 krónur fyrir árið 2016 og 36.200.000 krónur fyrir 2017, með fyrirvara um

vísitölubreytingar. Leigutaki tekur einnig á leigu veiðihús veiðifélagsins á umræddu tímabili.

Hámarksfjöldi stanga á degi hverjum eru fjórar til sjö stangir í senn, þó aldrei meira en sex hundruð fjörutíu og níu stangardagar hvert sumar. Heimilt er að veiða með maðk í júnímánuði en eingöngu á flugu eftir það.

Með leigusamningi, dags. 10. apríl 2015, leigði veiðifélagið út allan stangveiðirétt í sunnanverðu Eyrarvatni. Samningurinn er gerður til þriggja ára, frá undirritun til og með 25. september 2017. Endurgjald er 434.000 krónur fyrir hvert ár.

Með leigusamningi, dags. 30. desember 2014, leigði veiðifélagið út allan stangveiðirétt í eftirtöldum vötnum og ám: Geitabergsvatni öllu, Þverá, Glammastaðavatni öllu, Selós og Eyrarvatni að norðanverðu. Samningurinn er gerður til þriggja ára, frá undirritun til og með 25. september 2017. Árlegt endurgjald er 2.100.000 krónur.

7. Sjónarmið eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum veiðiréttareigendum í kjölfar framangreinds fundar hinn 26. október 2013. Bárust nefndinni bréf frá eftirtöldum veiðiréttareigendum og verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum er þar koma fram.

7.1 Kambshóll og Saurbær

Eigendur jarðanna benda á að framkvæmdir við hitaveitulögn, sem Hitaveita Hvalfjarðar hafi ráðist í við útfall Laxár úr Eyrarvatni hinn 2. október 2006, hafi haft í för með sér verulega skerðingu á veiði og seiðabúskap árinna þar fyrir neðan, sem taka verði tillit til í mati þessu. Er sérstaklega tilgreint að útfallið renni í veiði- og hrygningarstaðinn Breiðu, sem sé veiðistaður nr. 36. Vísa þeir til meðfylgjandi skýrslu sem Veiðimálastofnun hafi unnið að beiðni veiðifélagsins um áhrif þessarar framkvæmdar, en þeir telji skýrsluna staðfesta að framkvæmdin hafi farið úr böndunum með fyrrgreindum afleiðingum. Komi þar meðal annars fram að þéttleiki seiða í ánni hafi árin 2007 og 2008 verið mun minni en árin á undan og að það helgist að verulegu leyti af umræddri framkvæmd. Segjast eigendurnir telja að þessi skerti seiðaþéttleiki eigi svo sinn þátt í minni veiði árin 2010-2012. Þannig hafi veiðihlutfallið ofan Eyrarfoss verið umtalsvert lægra á því tímabili en árin á undan, eða 14,4% að meðaltali af veiði árinna, á meðan 23,48% hafi veiðst þar næstu tíu árin á undan. Undirstriki þessar tölur betur en nokkuð annað hvað umrætt svæði sé mikilvægt bæði fyrir veiði og seiðabúskap Laxár, en útfallið úr Eyrarvatni sé einn af lykilstöðum árinna fyrir seiðabúskap.

7.2 Hlíðarfótur

Eigendur vísa til þess að frá því að mat á búsvæðum vatnasvæðisins hafi verið framkvæmt á árinu 1998 hafi verið gerðar miklar umbætur á búsvæðum fyrir landi jarðarinnar. Hafi

Þessar framkvæmdir verið gerðar í samræmi við umsögn sem Sigurður Már Einarsson fiskifræðingur hafi unnið árið 2009 um viðhald veiðistaða í Laxá. Þannig hafi verið flutt mikið af grjóti á um 100 m svæði við veiðistaðinn Bakkastreng, sem gjörbreyti þar búsvæðum til seiðaframleiðslu. Þá sé vakin athygli á því að í fyrrgreindu búsvæðamati hafi ekki verið mæld syðri kvísl Laxár, milli veiðistaðanna Gránuness og Skeifu. Sé gerð krafa um að tekið verði tillit til kvíslar þessarar við flatarmálsútreikninga í búsvæðamati. Í meðfylgjandi gögnum um „Bakkalengd í landi Hlíðarfótar“, sem unnin hafi verið af verkfræðistofu, sé flatarmálið reiknað 3.060 m² og sé þess krafist að sú mæling verði látin gilda eða að úttekt á staðnum fari fram.

Þá er á það bent að í núverandi bakkalengdarmælingu sé bakkalengd fyrir landi jarðarinnar sögð vera 3.065 m. Samkvæmt mælingu verkfræðistofunnar hafi bakkinn hins vegar reynst vera 3.172 m, en inn í þá mælingu vanti samt syðri kvísl árinna. Sé gerð krafa um að tekið verði mið af framangreindum gögnum við gerð arðskrármatsins nú en að öðrum kosti verði framkvæmd ný mæling á bakkalengd jarðarinnar.

Í þriðja lagi sé vakin athygli á því að í upptalningu á veiðistöðum fyrir landi jarðarinnar í gildandi arðskrá vanti veiðistaðina Símon 28B, Laxnes 28C og Álinn 28D, sem séu merktir veiðistaðir við ána. Sé þess krafist að veiðistaðir þessir verði teknir inn í arðskrármatið. Þess sé og krafist að tekið verði tillit til endurbóta sem gerðar hafi verið á aðgengi að veiðistöðum fyrir landi jarðarinnar, með lagningu nýrra vegslóða og viðhaldi eldri slóða, sbr. ákv. 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrá veiðifélaga.

Eigendurnir vísa loks til þess að ekki verði séð að við gerð gildandi arðskrár hafi verið tekið tillit til vatnsmikillar þverár og vatnsmikilla lindarlækja sem renni í Laxá í landi Hlíðarfótar. Sé gerð krafa um að tilgreint verði í matsgerðinni hvaða vægi þessi matsþáttur fái við úthlutun arðs til jarðarinnar, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012.

7.3 Akurey

Bréfritari kveðst, sem einkaeigandi eyjunnar, vilja vekja athygli á því að samkvæmt 2. gr. samþykktar veiðifélagsins sé eyjan sjálfstæður aðili að félaginu. Sé þess því óskað að við úthlutun eininga í arðskrá verði eyjan talin sjálfstæð eign án tengingar við jörðina Skorholt, en ekki talin með þeirri jörð, eins og gert hafi verið í síðustu arðskrá. Þannig hafi í gildandi yfirmatsgerð verið úthlutað 13,1 einingu til Skorholts og þar af 3,1 einingu til Akureyjar. Ekki séu hins vegar gerðar neinar athugasemdir við framangreindan einingafjölda til Akureyjar.

8. Skipting arðs

8.1 Almennt

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 og 1. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012 er veiðifélagi skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hvernar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 5. gr. samþykktar fyrir Laxá í Leirársveit segir og að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Samkvæmt 2. mgr. 41. gr. sömu laga skal við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks. Þá er í 7. gr. reglugerðarinnar um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá meginþætti sem taka skal tillit til við niðurjöfnun á veiði eða úthlutun arðs af henni.

Eigendur Kambshóls og Saurbæjar hafa vísað til þess að við arðsúthlutun beri að taka tillit til verulegrar skerðingar á veiði og seiðabúskap árinna sem hlotist hafi af framkvæmdum Hitaveitu Hvalfjarðar við hitaveitulögn við útfall Laxár úr Eyrarvatni hinn 2. október 2006. Í 36. gr. laga um lax- og silungsveiði kemur fram að ef sannað þygi að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskigengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóti samkvæmt lögunum og slíkt valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni skuli sá aðili er að framkvæmd standi bæta það tjón. Skuli bætur þá ákveðnar með sérstöku mati skv. VII. kafla laganna. Hins vegar verður slíkt tjón, sem ekki verður rakið til ákvörðunar veiðifélags um veiði eða friðun, sbr. 2. mgr. 49. gr. laganna, ekki bætt með úthlutun í arðskrá. Með hliðsjón af þessu er framangreindri kröfu eigendanna hafnað.

Vegna athugasemdar eiganda Akureyjar tekur matsnefnd fram að hún fallist á sjónarmið hans um að einungum í arðskrá verði úthlutað sérstaklega vegna eyjarinnar, enda sé hún sérgreind eign og tilgreind sérstaklega í samþykktum veiðifélagsins.

Í arðskrármati nú er hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 8.2, 8.3, 8.4, 9 og 10 er greint frá niðurstöðum matsnefndar um það hvernig einungum er skipt með tilliti til þeirra þátta sem tilteknir eru í framangreindum laga- og reglugerðarákvæðum. Skiptingu eininga á einstaka veiðiréttareigendur má sjá í kafla 11.

8.2 Aðstaða til stangveiði og netaveiði

8.2.1 Stangveiði

Samkvæmt ákvörðun veiðifélagsins er stangveiði einungis heimiluð á efsta svæði og miðsvæði vatnasvæðisins, en engin veiði er heimil á ósasvæðinu. Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá Veiðimálastofnun um skiptingu stangveiði frá 2003 til 2014 milli jarða sem land eiga að Laxá og um skiptingu stangveiði á árunum 2009 til 2014 milli jarða sem land eiga að Selósi og Þverá. Við það mat er tekið tillit til þess að leigutekjur eru mun lægri fyrir ofan ós úr Eyrarvatni en á neðri hluta veiðisvæðisins, sbr. leigusamninga þar um.

Eigendur Hlíðarfótar hafa krafist þess að við arðskrármatið verði tekið tillit til endurbóta sem gerðar hafi verið á aðgengi að veiðistöðum fyrir landi jarðarinnar, með lagningu nýrra vegslóða og viðhaldi eldri slóða, sbr. ákv. 7. gr. reglugerðar nr. 403/2012 um arðskrár veiðifélaga. Ljóst er að bætt aðgengi að veiðistöðum ætti almennt að leiða til betri veiðíástundunar á viðkomandi svæði og þannig skila sér í aukinni veiði og þar með fleiri arðseiningum vegna þess þáttar til landeigandans. Enda þótt slíku aðgengi fylgi oft

nokkurt ónæði fyrir eiganda vegarins, umfram eiganda gagnstæðs bakka, mæla þó ýmis rök gegn því að tekið verði sérstakt tillit til slíkra aðstæðna við úthlutun arðs. Má nefna að viðurkenning á slíku myndi augljóslega ýta undir samkeppni og auknar kröfur um vegagerð á báðum bökkum ár, með tilheyrandi kostnaðarauka. Matsnefnd hafnar því kröfu um að úthluta sérstökum einingum í arðskrá vegna þessa.

Vegna athugasemdar eigenda Hlíðarfótar um að í upptalningu á veiðistöðum fyrir landi jarðarinnar í gildandi arðskrá vanti veiðistaðina Símon 28B, Laxnes 28C og Álinn 28D, tekur matsnefnd fram að í nýjasta yfirliti Veiðimálastofnunar um veiði á vatnasvæðinu, sem matsnefnd leggur til grundvallar í mati þessu, hefur þetta verið lagfært og veiði á þessum veiðistöðum þar tilgreind.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.200 einingum vegna þáttar í samræmi við hlutdeild veiðiréttareigenda í laxveiði og 400 einingum í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

8.2.2 Netaveiði

Veiðar á ósasvæðinu voru aflagðar á árinu 1963. Engar kröfur eða gögn hafa borist frá veiðiréttareigendum á þessu svæði en matsnefnd hefur aflað sér gagna, sem einnig lágu fyrir við gerð gildandi arðskrár, meðal annars um netaveiði árin 1946 til 1965 og samkomulag veiðiréttareigenda á ósasvæðinu frá 1963 um aflagningu veiði og skiptingu arðs. Matsnefnd lítur til þess við úthlutun arðs að réttur til netaveiði er jafngildur rétti til stangveiði. Telur nefndin að veiðiréttareigendur sem lagt hafa af rétt til netaveiði til hagsbóta fyrir heildina eigi að fá slíka aðstöðu metna til eininga í arðskrá svo fremi að hlutdeild þeirra í arðskrá vegna stangveiði komi ekki þar í staðinn. Við mat á aðstöðu til netaveiða ber við það að miða að eigendur netaveiðiréttar séu, þrátt fyrir veiðibann, sem líkast settir og væru veiðar, sem þar hefðu verið stundaðar, ekki bannaðar. Við framangreint mat horfir nefndin og til þess að almennt hefur verið fyrir lax, sem veiddur er í net, lækkað mikið, meðan verðmæti á sölu stangveiðileyfa hefur hækkað verulega á síðustu árum og áratugum. Með hliðsjón af framangreindu telur matsnefnd hæfilegt að 545 einingar komi til úthlutunar vegna aflagðrar netaveiði á ósasvæðinu. Við úthlutun þeirra verður einkum litið til þeirra upplýsinga um aðstöðu og ástundun veiði fyrir hverri jörð, sem áður er getið.

8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Við mat á vægi þessara viðmiðunarþátta er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga.

Veiðifélagið fékk fyrirtækið Landlínur ehf. til að mæla bakkalengd á vatnasvæði veiðifélagsins. Í greinargerð með mælingum þessum, dags. 10. apríl 2015, kemur fram að stuðst hafi verið við myndkort frá Loftmyndum, þau nýjustu sem til séu af þessu svæði.

Miðlína ána hafi verið mæld, en á ósasvæðinu og vötnunum í Svinadal hafi verið teiknuð lína með strandlínu og vatnsbakka. Upphafsb- og endapunktur línu hvefrrar jarðar hafi tekið mið af landamerkjapunktum sem mældir hefðu verið á vettvangi í tengslum við gerð fyrra arðskrármats.

Þá segir í greinargerðinni að lengdarmælingarnar hafi verið kynntar á félagsfundu veiðifélagsins 25. nóvember 2014. Komið hafi fram athugasemdir um staðsetningu landamerkjapunkts þar sem landamerki jarðanna Hlíðarfótar, Hóls, Hurðarbaks og Svarfhóls komi saman. Landamerkjapunkturinn hafi verið færður til og nýr uppdráttur sendur landeigendum eða umsjónarmönnum jarðanna, ásamt uppfærðum lengdartölum, í tölvupósti 28. nóvember 2014. Engar athugasemdir hafi borist. Fundað hafi verið með landeiganda Hlíðarfótar hinn 19. desember 2014 og hafi línu verið breytt milli Hlíðarfótar og Svarfhóls á kafla vegna breytinga á farvegi árinna frá þeim tíma sem loftmyndir hafi verið teknar. Einnig hafi verið fundað með landeigendum Bakka og Vogatungu og lína dregin með bakka á ósasvæði í Grunnafirði í samræmi við sameiginlega tillögu landeigenda. Uppdráttur hafi verið sendur landeigendum, ásamt uppfærðum lengdartölum, í tölvupósti 19. mars 2015, og hafi engar athugasemdir borist við þau skjöl.

Í kafla 7.2 hér að framan var getið kröfu eiganda Hlíðarfótar um að lagt yrði til grundvallar arðskrármati að landlengd jarðarinnar væri 3.172 m, í samræmi við mælingu verkfræðistofu á landlengd jarðarinnar. Eftir að athugasemd þessi var sett fram var, eins og áður er fram komið, gerð ný lengdarmæling á árinu 2015 þar sem eigandi jarðarinnar kom að sínum athugasemdum. Samkvæmt þeirri mælingu reyndist landlengd jarðarinnar vera 3.137 m og verður við hana miðað í mati þessu.

Eins og fyrr segir var strandlína á ósasvæðinu mæld en hún er þar mjög vogskorin. Sandeyrar ná langt frá landi út að álnum þar sem áin rennur. Yfir þessa aura flæðir, en á fjöru er þar ekki fiskgengt. Tillit verður tekið til þessa þegar vægi einstakra bakka á ósasvæðinu er ákveðið.

Niðurstaða matsnefndar er að leggja skuli framangreindar mælingar til grundvallar í mati þessu og að hæfilegt sé að skipta 1.905 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd vatnasvæðisins. Samkvæmt fyrrgreindum viðmiðum fá bakkar á ósasvæðinu vægið 0,6, bakkar Akureyjar vægið 0,4, en bakkar annarra hólma og skerja sem mældir voru vægið 0,2. Bakkar Laxár, Selóss og Þverár fá vægið 1,0. Bakkar vatnanna þriggja fá vægið 0,6. Neðstu 1.000 metrar af Draghálsa fá vægið 0,6 en svæðið þar ofan við fær vægið 0,4.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Við mat þessa þáttar hefur matsnefnd almennt að meira eða minna leyti stuðst við mat sérfræðinga á búsvæðum viðkomandi vatnasvæðis, liggi það fyrir.

Á árinu 1998 voru búsvæði í straumvatni á vatnasvæði veiðifélagsins kortlögð og metin með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða fyrir laxfiska. Matið náði hins vegar hvorki

til ósasvæðis Laxár né stöðuvatna á svæðinu. Við matið var ánni skipt í 15 einsleita kafla með tilliti til botngerðar og rennsliseinkenna og framleiðslugeta árinna metin til framleiðslueininga með hliðsjón af gæðum búsvæða og flatarmáli. Mat þetta var endurskoðað á árinu 2012, meðal annars vegna smávægilegra breytinga á matsaðferðinni er laut að breyttu vægi einstakra botngerða frá því sem áður var. Liggur fyrir skilagrein Veiðimálastofnunar, VMST-G/13004, um skiptingu framleiðslueininga milli einstakra jarða, sem byggð var á framangreindu mati.

Vegna þeirra sjónarmiða sem eigendur Hlíðarfótar hafa lýst, sbr. kafla 7.2 hér að framan, meðal annars um að aðstæður til seiðaframleiðslu fyrir landi jarðarinnar hafi gjörbreyst frá gerð búsvæðamatsins á árinu 1998 vegna mikilla umbóta sem þar hafi verið gerðar í því skyni að bæta þar búsvæði fyrir seiðaframleiðslu, ákvað Veiðimálastofnun, að beiðni matsnefndar, að endurmæla þversnið á þeim kafla árinna og kanna hvort marktækar breytingar á botngerð hefðu átt sér þar stað. Leiddi sú athugun til lítils háttar hækkunar á fjölda framleiðslueininga á þeim kafla, sbr. bréf stofnunarinnar þar um, dags. 12. ágúst 2015. Í bréfinu kemur og fram endanlegt yfirlit um fjölda framleiðslueininga á búsvæðum Laxár og um skiptingu þeirra á einstakar jarðir sem að þeim liggja, að teknu tilliti til þessarar breytingar. Eru þær niðurstöður lagðar til grundvallar við úthlutun eininga vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða.

Þá tekur matsnefnd fram, vegna athugasemdar eigenda Hlíðarfótar um að við flatarmálsútreikninga í búsvæðamatinu hafi ekki verið tekið tillit til syðri kvíslar Laxár, milli veiðistaðanna Gránuness og Skeifu, að fyrir liggur staðfesting frá fulltrúa Veiðimálastofnunar um að fullt tillit hafi verið tekið til flatarmáls kvíslarinnar í umræddu mati. Eru frekari viðbrögð matsnefndar vegna þessa því óþörf.

Niðurstaða matsnefndar er að úthluta beri 2.500 einingum vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða.

9. Draghálsa og þverár

Í gildandi arðskrármati var eigendum allvatnsmikilla þveráa ekki úthlutað einingum vegna landlengdar þegar af þeirri ástæðu að þær hefðu ekki verið lengdarmældar. Hins vegar var eigendum Draghálsár, Skarðsár og Glammastaðaár úthlutað sérstökum einingum, meðal annars með tilliti til hrygningar- og uppeldisskilyrða. Það er niðurstaða matsnefndar að eftirgreindar hliðarár séu það mikilvægar fyrir veiði á vatnasvæðinu, m.a. með tilliti til þess vatnsmagns sem þær skila til vatnasvæðisins, að rétt sé að úthluta arðseiningum til eigenda þeirra sérstaklega. Verður þeim einingum úthlutað að teknu tilliti til áætlaðs vatnsmagns þeirra og ætlaðrar bakkalengdar á fiskgengum köflum þeirra. Um er að ræða eftirgreindar ár: Kúvallará, 4 einingar, Glammastaðaá, 6 einingar, Skarðsá, 6 einingar, Grjótá, 8 einingar og Súluá, 8 einingar. Þrjár fyrsttöldu árnar hafa verið búsvæðametnar og koma framangreindar einingar til viðbótar við einingar út á þann þátt.

Samkvæmt leigusamningi hefur leigutaki tekið Draghálsa í „föstur“. Á því svæði er eingöngu veitt á flugu. Laxinn er að mestu settur í kistur og fluttur upp fyrir fossa í

Draghálssá með það að markmiði að auka laxastofn veiðisvæðisins með aukinni hrygningu á ólaxgengu laxasvæði. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Veiðimálastofnunar hefur þessi veiði ekki verið skráð. Matsnefnd telur þó rétt að úthluta 23 einingum sérstaklega vegna þess þáttar. Þessar einingar koma til viðbótar því sem áin fær úthlutað út á landlengd og búsvæði.

10. Eyrarvatn, Glammastaðavatn og Geitabergsvatn

Fyrir liggur að í vötnunum Eyrarvatni, Glammastaðavatni og Geitabergsvatni er nokkur silungsveiði, auk þess sem þar veiðist einnig stöku lax. Hins vegar hefur veiði þar ekki verið skráð og því ekki unnt að úthluta einingum vegna veiði þar á hefðbundinn hátt. Þá hafa búsvæði þessara vatna ekki verið metin til framleiðslueininga þannig að á verði byggt við úthlutun arðseininga vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða. Að þessu gættu er það niðurstaða matsnefndar að úthluta einingum sérstaklega til þeirra sem land eiga að vötnum þessum.

Að framan hefur því verið lýst að sérstakir leigusamningar hafi verið gerðir annars vegar um veiðirétt í Eyrarvatni sunnanverðu og hins vegar um rétt til veiða í Eyrarvatni norðanverðu, Glammastaðavatni og Geitabergsvatni, auk veiða í svokölluðum stubbum, þ.e. í Þverá og Selósi. Verður við úthlutun arðseininga horft til þessara samninga og þeirra tekna sem ætla má að vötn þessi skili árlega til veiðifélagsins og hlutfalls þeirra af heildartekjum vegna útleigu á veiðirétti á vatnasvæði félagsins.

Við úthlutun arðseininga vegna vatnanna verður og litið til þess sem fram kemur í skýrslu Veiðimálastofnunar frá árinu 1998 um uppeldi laxaseiða í stöðuvötnum á vatnasvæðinu, að vötnin séu nýtt af laxaseiðum til seiðauppeldis og að þau hafi fundist þar í verulegu magni. Verður af skýrslunni ráðið að slík vötn geti haft verulega þýðingu í þessu tilliti og þá sérstaklega grýtt strandsvæði þeirra. Þá er almennt talið að vötn á efri hluta vatnasvæðis séu til hagsbóta fyrir vatnakerfið í heild, m.a. vegna jákvæðra áhrifa þeirra á fæðuframboð, vatnsmiðlun og hitamyndun í vötnunum.

Að framangreindu virtu og með hliðsjón af öðrum fyrirliggjandi gögnum er það niðurstaða matsnefndar að úthluta beri 130 einingum til eigenda veiðiréttar við Glammastaðavatn, 105 einingum til eigenda veiðiréttar við Geitabergsvatn og 160 einingum til eigenda við Eyrarvatn. Verður við skiptingu eininganna við síðastgreinda vatnið tekið sérstakt tillit til mismunandi samninga um norður- og suðurhluta Eyrarvatns. Auk framangreindra eininga fá landeigendur við vötnin þrjú úthlutað arðseiningum, sbr. kafla 8.3 hér að framan.

11. Skipting eininga

	Stangveiði	Netaveiði	Landlengd	Búsvæði	Annað sbr. kafla 9 og 10	Alls
Vestra-Súlunes	0	23	64	0	0	87
Eystra-Súlunes	0	23	24	0	0	47
Bakki	0	7	64	0	0	71
Skorholt	0	7	48	0	0	55
Akurey	0	0	22	0	0	22
Skipanes	0	36	32	0	0	68
Lækur	0	27	51	0	0	78
Beitistaðir	0	3	30	0	0	33
Vogatunga	119	0	57	130	0	306
Leirá	481	0	11	28	0	520
Melkot	277	0	59	131	0	467
Steinsholt	104	0	26	99	3	232
Tunga	616	0	35	113	3	767
Hóll	77	0	50	78	0	205
Hlíðarfótur	152	0	85	134	8	379
Eyri	321	0	94	301	8	724
Kambshóll	86	0	46	70	61	263
Glammasstaðir	23	0	62	68	68	221
Geitaberg	87	0	133	139	106	465
Dragháls	0	0	60	147	22	229
Þórisstaðir	2	0	51	45	47	145
Saurbær	126	0	84	93	124	427
Svarfhóll	454	0	164	379	0	997
Hurðarbak	85	0	60	93	0	238
Hlíð	357	0	34	109	0	500
Vestra-Miðfell	357	0	34	109	0	500
Stóri-Lambhagi III	273	0	39	72	0	384
Stóri-Lambhagi II	32	0	2	5	0	39
Stóri-Lambhagi I	544	0	25	70	0	639
Lambhagi	27	0	42	87	0	156
Litli-Lambhagi	0	74	49	0	0	123
Fellsaxlarkot	0	86	23	0	0	109
Litla-Fellsöxl	0	86	17	0	0	103
Kjalardalur	0	59	32	0	0	91
Arkarlækur	0	50	46	0	0	96
Bekansstaðir	0	14	47	0	0	61
Hvítanes I og II	0	45	38	0	0	83
Vallarnes	0	5	65	0	0	70
	4.600	545	1.905	2.500	450	10.000

12. Kostnaður og gildistaka

Allur kostnaður af mati þessu, 5.521.719 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Laxár í Leirársveit og rennur hann í ríkissjóð.

Arðskrá þessi tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um arðskrár veiðifélaga nr. 403/2012.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit skal vera sem hér greinir:

	Einingar
Vestra Súlunes	87
Eystra Súlunes	47
Bakki	71
Skorholt	55
Akurey	22
Skipanes	68
Lækur	78
Beitistaðir	33
Vogatunga	306
Leirá	520
Melkot	467
Steinsholt	232
Tunga	767
Hóll	205
Hlíðarfótur	379
Eyri	724
Kambshóll	263
Glammastaðir	221
Geitaberg	465
Dragháls	229
Þórisstaðir	145
Saurbær	427
Svarfhóll	997
Hurðarbak	238
Vestra-Miðfell	500
Hlíð	500
Stóri-Lambhagi III	384
Stóri-Lambhagi II	39
Stóri-Lambhagi I	639
Lambhagi	156
Litli-Lambhagi	123
Fellsaxlarkot	109
Litla-Fellsöxl	103
Kjalardalur	91
Arkarlækur	96

Bekansstaðir	61
Hvítanes I og II	83
Vallanes	70

Samtals 10.000

Reykjavík 29. september 2015

Hulda Rós Rúriksdóttir
sign.

Ásgeir Magnússon
sign.

Magnús Ólafsson
sign.

Reykjavík 13. október 2015.

Varðar: Leiðréttingu á úrskurði matsnefndar um arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit.

Hér með tilkynnist yður að komið hafa í ljós bersýnilegar villur í úrskurðarorðum úrskurðar um arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit, sem kveðinn var upp 29. september sl. Í 11. kafla úrskurðarins, um skiptingu eininga, kemur í fyrsta lagi fram að jörðin Geitaberg fái 465 einingar og Dragháls fái 229 einingar, en í úrskurðarorðunum hefur orðið víxlun með þeim hætti að jörðin Dragháls er sagt fá 465 einingar og Geitaberg fái 229. Í öðru lagi kemur fram í fyrrgreindum kafla að jörðin Stóri-Lambhagi III fái 384 einingar og Stóri-Lambhagi I fái 639 einingar, en í úrskurðarorðunum hefur orðið víxlun með þeim hætti að jörðin Stóri-Lambhagi III er sögð fá 639 einingar og Stóri-Lambhagi I fái 384 einingar.

Rétt niðurstaða er í töflu í 11. kafla úrskurðarins enda er sú tafla í samræmi við það sem lýst er framar í úrskurðinum. Við yfirfærslu talna úr 11. kafla yfir í úrskurðarorð hafa mistökin átt sér stað þar sem upptalning ofantalinna jarða hefur víxlast. Hefur villa þessi nú verið leiðrétt með heimild í 2. mgr. 23. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Eftir leiðréttinguna hljóðar úrskurðarorðið vegna umræddra fjögurra jarða á þann veg að Geitaberg fær 465 einingar, Dragháls 229 einingar, Stóri-Lambhagi III fær 384 einingar og Stóri-Lambhagi I fær 639 einingar.

Bréf þetta ásamt leiðréttum úrskurðarorðum, var sent til eigenda/veiðiréttarhafa ofangreindra jarða og til Veiðifélags Laxár í Leirársveit. Hér með að framan er matsgerðin endurprentuð rétt og verður þannig send Fiskistofu til staðfestingar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,

Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.,
sign
formaður matsnefndar

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um land, veiði og búsvæði

1. Mæling bakkalengdar Laxár frá 24. mars 1998.
2. Lengdarmælingar ásamt greinargerð um nýjar lengdarmælingar, dags. 10. apríl 2015.
3. Veiðikort.
4. Seiðabúskapur, hrygningargöngur og veiði í Laxá í Leirársveit 2013. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/14021. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson.
5. Mat á búsvæðum fyrir lax á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-V/98013X. Sigurður Már Einarsson 1998.
6. Endurskoðun búsvæðamats, dags. 23. mars 2015.
7. Endurskoðun búsvæðamats, dags. 12. ágúst 2015.
8. Staðfesting frá Sigurði Má Einarssyni í tölvupósti, dags. 25. júní 2015, vegna syðri kvíslar Laxár, milli veiðistaðanna Gránuness og Skeifu.
9. Skipting stangveiði milli jarða í Laxá í Leirársveit 2003-2014 og í Selósi og Þverá 2009-2014. Skilgrein Veiðimálastofnunar, VMST-G/15009. Ásta Kristín Guðmundsdóttir.
10. Uppeldi laxaseiða í stöðuvötnum á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST-V/98010X. Sigurður Már Einarsson 1998.
11. Samantekt á fiskirannsóknum 2012. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST/13016. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson.
12. Samantekt á fiskirannsóknum 2014. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST/15007. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson.
13. Skipting framleiðslueininga milli jarða vegna búsvæðamats í straumvatni á vatnasvæði Laxár í Leirársveit. Skilgrein Veiðimálastofnunar VMST-G/13004. Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Sigurður Már Einarsson.
14. Umsögn Veiðimálastofnunar til Orkustofnunar, dags. 17. september 2014, vegna beiðni Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar um nýtingarleyfi til töku neysluvatns í landi Hlíðarfótar í Hvalfjarðarsveit.
15. Samantekt Veiðimálastofnunar á laxveiði eigenda jarða við Grunnafjörð á árunum 1946-1965.

B. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf Hallfreðs Vilhjálmssonar, eiganda Kambshóls, og Kristins Jens Sigurþórssonar, vegna Saurbæjar, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
 - Umsögn Veiðimálastofnunar vegna rennslisskerðingar í Laxá í Leirársveit 2. október 2006. Greinargerð unnin fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit. Sigurður Már Einarsson.
 - Þróun í seiðabúskap og laxveiði. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST/08009, unnin fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit. Sigurður Már Einarsson og Guðni Guðbergsson.
2. Bréf Þórarins Þórarinssonar og Birgittu Guðnadóttur vegna jarðarinnar Hlíðarfótar, ásamt loftmynd.
3. Bréf Jóns Sveinssonar hrl., eiganda Akureyjar í Grunnafirði, dags. 11. nóvember 2013, ásamt eftirtöldum fylgiskjölum:
 - Afsal vegna Akureyjar í Grunnafirði, dags. 20. febrúar 2011.
 - Veðbandayfirlit vegna Akureyjar.
 - Fasteignamatsupplýsingar vegna Akureyjar.

C. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Bréf formanns Veiðifélags Laxár í Leirársveit, dags. 2. maí 2013. Beiðni um arðskrá.
2. Fundargerð aðalfundar Veiðifélags Laxár í Leirársveit, dags. 28. apríl 2012.
3. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 2. maí 2013. Beiðni um gögn.
4. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 1. október 2013. Beiðni um boðun fundar.
5. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 26. október 2013. Frestur vegna greinargerða.
6. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 12. maí 2014. Tilkygning um vettvangsferð.
7. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 24. október 2014.
8. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 24. mars 2015.
9. Bréf matsnefndar til veiðifélagsins, dags. 12. maí 2015.
10. Bréf frá formanni veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 2. maí 2013.
11. Bréf frá formanni veiðifélagsins til matsnefndar, dags. 20. apríl 2015.
12. Listi frá formanni veiðifélagsins yfir landeigendur í félaginu.
13. Söguágrip í tilefni af 80 ára afmæli Veiðifélags Laxár í Leirársveit 1934-2014.

14. Matsgerð dómkvaddra matsmanna um hvar sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós og ósasvæði á veiðisvæði Laxár í Leirársveit, dags. 21. ágúst 1997.
15. „Fyrsta samkomulag um skiptingu innbyrðis milli landeigenda á ósasvæði Laxár í Leirársveit 1963.“ Fylgiskjal með greinargerð eigenda Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots til yfirmatsnefndar 1997.
16. Yfirmatsgerð á arðskrá fyrir Veiðifélag Laxár í Borgarfjarðarsýslu, dags. 28. júlí 1998.
17. Samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit birt í B-deild Stjórnartíðinda 5. júní 2001.
18. Óbirt samþykkt fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit samþykkt á félagsfundi þann 4. maí 2013.
19. Afrit bréfs Fiskistofu til Veiðifélags Laxár í Leirársveit, dags. 11. júní 2015.
20. Samningur um leigu á rétti til stangveiði í Laxá í Leirársveit vegna tímabilsins 2012-2014, dags. 2. desember 2011.
21. Leigusamningur um rétt til stangveiði í Laxá í Leirársveit vegna tímabilsins 2015-2017, dags. 22. nóvember 2014.
22. Leigusamningur um stangveiðirétt í sunnanverðu Eyrarvatni í Svínadal vegna tímabilsins 2001-2006, dags. 15. desember 2001.
23. Leigusamningur um stangveiðirétt í sunnanverðu Eyrarvatni í Svínadal vegna tímabilsins 2015-2017, dags. 10. apríl 2015.
24. Leigusamningur um stangveiðirétt í Geitabergsvatni öllu, Þverá, sem rennur úr Geitabergsvatni í Glammastaðavatn, Glammastaðavatni öllu, Selósi, sem rennur úr Glammastaðavatni í Eyrarvatn og Eyrarvatni að norðanverðu, vegna tímabilsins 2012-2014, dags. 10. febrúar 2012.
25. Leigusamningur um allan stangveiðirétt í Geitabergsvatni öllu, Þverá, sem rennur úr Geitabergsvatni í Glammastaðavatn, Glammastaðavatni öllu, Selósi, sem rennur úr Glammastaðavatni í Eyrarvatn og Eyrarvatni að norðanverðu, vegna tímabilsins 2015-2017, dags. 30. desember 2014.
26. Ársreikningar fyrir Veiðifélag Laxár í Leirársveit árin 2010, 2011, 2012 og 2013.
27. Fundargerð Veiðifélags Laxár í Leirársveit frá 25. nóvember 2014.
28. Staðfesting í tölvupósti, dags. 29. júní 2015, frá formanni veiðifélags vegna syðri kvíslar Laxár á milli veiðistaðanna Gránuness og Skeifu.